

Fimmtudaginn 29. febrúar 1996.

Nr. 311/1994.

Angela Ragnarsdóttir

(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)

gegn

Helga Kr. Pálssyni

(Sigurður Sigurjónsson hrl.)

Lausafjárkaup. Galli. Afsláttur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson og Gunnlaugur Claessen og Þorgeir Örlygsson prófessor.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 30. júní 1994. Hún krefst þess aðallega, að stefnda verði gert að greiða sér 430.775 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. október 1993 til greiðsludags. Til vara krefst áfrýjandi lægri fjárhæðar úr hendi stefnda með vöxtum, eins og í aðalkröfu greinir. Í báðum tilvikum krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi keypti 2. desember 1992 af stefnda bifreiðina MC 419 af gerðinni Honda Accord, árgerð 1986, og staðgreiddi kaupverðið, 570.000 krónur. Í afsali fyrir bifreiðinni er tekið fram, að hún hafi verið ekin 84.000 kílómetra. Veruleg bilun kom fram í drifkerfi bifreiðarinnar nokkru eftir kaupin, og telur áfrýjandi bilunina stafa af galla, sem stefndi beri ábyrgð á. Í málinu krefur áfrýjandi stefnda um greiðslu á 114.775 krónum vegna kostnaðar af viðgerð bilunarinnar auk 216.000 króna vegna afnotamissis af bifreiðinni í 240 daga. Þá kveður áfrýjandi það hafa komið fram í tengslum við athugun á umræddri bilun, að bifreiðinni hafi í raun verið ekið meira en ökumælir hennar sýndi við kaupin. Komið hafi í ljós, að meðan bifreiðin var í eigu þess, sem stefndi keypti hana af 27. ágúst 1992, hafi ökumælirinn sýnt, að henni hefði verið ekið um 135.000 kílómetra. Krefst áfrýjandi greiðslu á 100.000 krónum vegna verðryrn-

unar bifreiðarinnar af þessum sökum. Styðjast kröfur áfrýjanda vegna afnotamissis og verðýrnunar við mat dómkvadds matsmanns frá 5. ágúst 1993, en krafa vegna viðgerðarkostnaðar er studd við fram lagða reikninga, sem nema lægri fjárhæð en matsmaður hafði komist að niðurstöðu um.

Ekki hefur verið hnekkð þeirri niðurstöðu héraðsdóms, sem var skipaður sérfróðum meðdómsmönnum, að bilun í drifkerfi bifreiðarinnar verði ekki rakin til atvika, sem stefndi beri ábyrgð á. Verður því hvorki fallist á kröfu áfrýjanda vegna kostnaðar af viðgerð á drifkerfinu né á kröfu hennar vegna afnotamissis af bifreiðinni.

Fyrir héraðsdómi gáfu meðal annarra vitnaskýrslur Ludvig Hraundal og Ásgeir Sigurðsson. Munu þeir báðir hafa starfað við bílasöluna, þar sem stefndi keypti bifreiðina í ágúst 1992, en eiginkona fyrrnefnda vitnisins, Þórunn Ingimarsdóttir, var jafnframt seljandi bifreiðarinnar í þeim viðskiptum. Báru bæði vitnin, að í ágúst 1992 hefði ökumælir bifreiðarinnar sýnt um 135.000 kílómetra, meðan hún var enn í eigu Þórunnar. Þessum vitnisburði hefur ekki verið hnekkð, en vitnin tengjast hvorki sakarefninu né málsaðilum með þeim hætti, að frásögn þeirra verði ekki lögð til grundvallar við úrlausn málsins. Verður þannig að gera ráð fyrir því, að akstur bifreiðarinnar hafi, sem þessu nemur, í reynd verið meiri en þeir 84.000 kílómetrar, sem greint var frá í afsali stefnda til áfrýjanda. Af þessari ástæðu og með vísan til 1. mgr. 42. gr. laga nr. 39/1922 um lausafjárkaup á áfrýjandi rétt til afsláttar af kaupverði án tillits til þess, hvort stefnda mátti vera kunnugt um þessi atvik.

Í málinu nýtur ekki við gagna um, hvert hafi verið líklegt gangverð bifreiðar af þeirri gerð, sem hér um ræðir, í desember 1992, annars vegar miðað við, að hún væri ekin 84.000 kílómetra, og hins vegar 135.000 kílómetra. Verður því að ákveða afslátt handa áfrýjanda að álitum, en í þeim efnum verður tekið mið af fyrirliggjandi matsgerð, sem hefur ekki verið hnekkð með yfirmati. Þykir afsláttur til áfrýjanda úr hendi stefnda þannig hæfilega ákveðinn 100.000 krónur, sem stefndi verður dæmdur til að greiða með vöxtum, eins og segir í dómsorði.

Stefndi verður dæmdur til að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Helgi Kr. Pálsson, greiði áfrýjanda, Angelu Ragnarsdóttur, 100.000 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. október 1993 til greiðsludags.

Stefndi greiði áfrýjanda 200.000 krónur samtals í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 28. júní 1994.

1. Ár 1994, þriðjudaginn 28. júní, er í Héraðsdómi Reykjavíkur af Sigurði Halli Stefánssyni héraðsdómara og meðdómendum Sigurði Helgasyni og Valgarði Zophaníassyni bifvélaþvirkameisturum kveðinn upp dómur í máli nr. E-393/1994, sem var höfðað með stefnu, birtri 10. janúar 1994 og dómtekinni 7. þ. m.

Stefnandi er Angela Ragnarsdóttir, kt. 080151-3939, Lindarholti 8, Raufarhöfn.

Stefndi er Helgi Kr. Pálsson, kt. 030162-4399, Safamýri 36, Reykjavík.

Stefnandi gerir þá dómkröfu, að stefndi verði dæmdur til að greiða henni skaðabætur og/eða afslátt, að fjárhæð 430.775 kr., ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. október 1993 til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar í samræmi við málskostnaðarreikning, að fjárhæð 189.483 kr., að með töldum matskostnaði.

Stefndi krefst aðallega sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar að skaðlausu auk virðisaukaskatts og vaxta samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá 15. degi eftir dómsuppkvaðningu til greiðsludags. Til vara krefst hann þess, að kröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar og málskostnaður felldur niður.

2. Hinn 2. desember 1992 seldi stefndi stefnanda bifreiðina MC-419, Honda Accord EXI, árgerð 1986, fyrir staðgreiðsluverðið 570.000 kr. Í afsali segir, að bifreiðin sé ekin 84 þúsund km. Bifreiðina hafði stefndi eignast með afsali Bílvals hf. fyrir hönd Þórunnar M. Ingimarsdóttur, Stífluseli 4, Reykjavík, dags. 27. ágúst 1992, fyrir 680.000 kr. (þar af 230.000 kr. í peningum), og er kílómetrastöðu ekki getið í afsali.

Í stefnu segir efnislega samhljóða því, sem fram kemur í bréfi lögmanns stefnanda til stefnda, dags. 14. 4. 1993: „Fyrir liggur staðfesting Þórunnar þess efnis, að umrædd bifreið hafi verið ekin ca. 135.000 km, þegar hún seldi stefnda bifreiðina. Stefndi átti síðan bifreiðina röska þrjá mánuði, svo að ekki er óvarlegt að áætla, að hann hafi þann tíma ekið bifreiðinni 3.000 – 4.000 km. Raunverulega var bifreiðin því ekin 138.000 – 139.000 km, þegar stefndi seldi stefnanda hana. Af framangreindu telur stefnandi einsýnt,

að öikumælir bifreiðarinnar hafi verið færður niður um röska 50.000 km, meðan hún var í eigu stefnda.“ Í tilvitnuðu bréfi greinir frá því, að stefnandi hafi aðeins átt bifreiðina MC-419 mjög skamman tíma, þegar fram hafi komið alvarleg bilun í drifkerfi hennar, og grunsemdir hafi vaknað um, að henni hefði verið ekið mun meira en öikumælir sagði til um.

Stefnandi krefst þess, að vegna vanefnda stefnda við kaup á bifreiðinni eigi hún rétt á skaðabótum og/eða afslætti úr hendi stefnda, er bæti allt tjón hennar vegna kaupanna. Vísað er til matsgerðar um, að bifreiðin hafi haft verulega leynda galla, sem stefnandi hafi mátt trúá, að ekki væru, m. a. í ljósi þeirra upplýsinga, að bifreiðinni hefði aðeins verið ekið 84.000 km. Sú yfirlýsing hafi verið ákvörðunarástæða stefnanda fyrir kaupunum, og beri stefndi bótaábyrgð á því, að bifreiðina hafi skort áskilda kosti. Er því haldið fram, að stefndi hafi vitað, að átt hafi verið við öikumæli bifreiðarinnar; sé raunar langlíklegast, að hann hafi sjálfur snúið öikumælinn niður um 50.000 km og þannig haft svik í frammi við söluna.

Krafa stefnanda er reist á matsgerð og varahluta- og viðgerðarreikningum, dags. ágúst – september 1993, og er þannig sundurliðuð: 1. viðgerðarkostnaður 114.775 kr., 2. verðmætisrýrnun 100.000 kr., 3. afnotamissir í 240 daga ($\times$ 900 kr.) 216.000 kr.

Um lagagrundvöll bótaábyrgðar vísar stefnandi til 2. gr. 42. gr. laga nr. 39/1922 og um heimild til að krefjast afsláttar til 1. mgr. sömu lagagreinar.

3. Í greinargerð mótmælir stefndi því eindregið, að hann hafi breytt öikumæli bifreiðarinnar MC-419 eða verið um það kunnugt, hafi það verið gert. Hann mótmælir sérstaklega yfirlýsingum á diskj. nr. 5 og 7 (sjá síðar). Líklegt sé, að um samantekin ráð þeirra Ludvigs Hraundal, starfsmanns Jöfurs hf., og eiginkonu hans, Þórunnar M. Ingimarsdóttur, sé að ræða, enda séu yfirlýsingarnar augljóslega samdar af sama aðila, önnur út gefin af Ludvig Hraundal f. h. Jöfurs hf., en hin vottuð af Ludvig og Ásgeiri Sigurðssyni, en út gefin af Þórunni Ingimarsdóttur. Hann kveður ósannað, að öikumælinum hafi verið breytt, og sé það hvorki stutt matsgerð né öðrum gögnum. Þá bendir hann á, að tilkynning um eigendaskipti, sem gengið hafi verið frá milli sín og Þórunnar M. Ingimarsdóttur, hafi verið fölsuð af starfsmanni Jöfurs hf., eins og yfirstrikun beri glögglega með sér. Stefndi vitnar til matsgerðar um það, að ekki verði fullyrt, af hvaða ástæðum splitti í öxli, sem liggur í gegnum mismunadrifshjól, hafi brotnað. Augljóslega sé um að ræða tilvik, sem hent geti hvenær og í hvaða bifreið, sem er, hvort sem henni hafi verið ekið 50.000 eða 150.000 km, og sé fráleitt, að um hafi verið að ræða leyndan galla.

Af framangreindu leiðir, að stefndi hafnar bótaskyldu og kröfum þeim, sem stefnandi gerir í máli þessu, málsástæðum hennar og lagarökum.

4. Í yfirlýsingu Ludvigs Hraundal f. h. Jöfurs hf., dags. 8. 3. 1993 (dskj. nr. 5), er staðfest, að bifreiðinni MC-419, Honda Accord, árg. 1986, hafi verið ekið 126.000 km, þegar Jöfur hf. keypti hana 3. apríl 1992.

Yfirlýsing, dags. 3. 5. 1993 (dskj. nr. 7), er svohljóðandi: „Ég undirrituð, Þórunn M. Ingimarsdóttir, kt. 060149-7719, staðfesti hér með, að bifreiðin MC-419, sem er Honda Accord EXI, árg. 1986, var ekin ca. 135 þús. km, þegar ég seldi hana Helga K. Pálssyni, kt. 030162-4399, 27. ágúst 1992. Þórunn Ingimarsdóttir (sign).“

Undirritaðir votta, að bifreiðin MC-419 var ekin ca. 135. þús. km, þegar Þórunn seldi Helga hana 27. ágúst 1992. Ludvig Hraundal (sign), 291147-3649, Ásgeir Sigurðsson (sign), 150344-7869.“

Í tilkynningu til ökutækjaskrár um sölu umræddrar bifreiðar til stefnda er nafn og heimilisfang seljanda falið með yfirstrikun, en í staðinn ritað Jöfur hf., Nýbýlavegi 2, 200 Kópavogi. Sem seljandi undirritar „L. H.“ ofan í nafnstimpil Jöfurs hf.

Samkvæmt vottorði Bifreiðaskoðunar Íslands hf. var Jöfur hf. næsti (skráður) eigandi bifreiðarinnar á undan stefnda.

Héraðsdómur Norðurlands eystra mun hafa dómkvatt (endurrit dómkvaðningar liggur ekki frammi) Sigurð Baldursson bifvélavirkjameistara, Fjarðarvegi 37, Þórshöfn, til þess að skoða og meta bifreiðina MC-419 og láta í té, eins og segir í matsbeiðni, dags. 26. maí 1993, ýtarlega rökstudda og skriflega álitserð um eftirfarandi atriði:

- „1. Hver sé orsök alvarlegrar bilunar í drifkerfi bifreiðarinnar MC-419 og hverra viðgerða er þörf á því.
2. Hvað kosti að lagfæra framangreinda bilun bifreiðarinnar MC-419. Fjárhæðir verði sundurliðaðar á glöggan hátt í efni og vinnu.
3. Hver sé að áliti matsmanns réttmætur og hæfilegur afsláttur til umbj. m. vegna þeirrar verðlækkunar, sem ljóst er, að verður á bifreiðinni, þar sem hún reyndist ekin um 50.000 km meira en upp gefið var við afsal, og er þá miðað við, að kaupverð bifreiðarinnar hafi verið eðlilegt miðað við, að hún væri ekin 84.000 km.
4. Þess er óskað, að matsmaður meti fjárhagslegt tjón umb. m. af því að geta ekki nýtt sér bifreiðina vegna bilunar (tjón vegna afnotamissis).
5. Innan marka matsbeiðni þessarar fellur að fjalla um öll önnur þau atriði, sem upp kunna að koma við skoðun og matsmanni þykir ástæða til að geta um.“

Matsgjörð, dags. 5. 8. 1993, er að meginefni svohljóðandi:

- „1. Brotnað hefur splitti í öxli, er liggur í gegnum mismunadrifshjól, með þeim afleiðingum, að öxullinn hefur gengið út í gegnum drifhúsið. Af þessum sökum hefur öll olía farið af drifi og gírkassa og eyðilagt það.

2. Eins og skrifað er í lið númer eitt, tel ég bæði drif og gírkassa ónýtt vegna þess, hve illa það er farið. Ég hef þess vegna aflað mér upplýsinga um verð á notuðum gírkassa. Fyrirtækið Japanskar vélar, Drangahrauni 2, Hafnarfirði, verðleggur notaðan gírkassa á 150.000 kr., vinnu við að skipta um 23.000 kr.
3. Afsláttur vegna þess, að bifreiðinni hefur verið ekið 50.000 km meira en mælir sýnir, ætti að mínu mati að vera 100.000 kr.
4. Vegna beiðni um mat vegna afnotamissis hef ég stuðst við gjald það, sem Vátryggingafélag Íslands notar, 900 kr. á dag.
5. Ég get ekki sagt, hvers vegna splittið í mismunadrifsöxlinum hefur brotnað, fyrir því geta verið margar ástæður. Að öðru leyti lítur bifreiðin mjög vel út.“
5. Matsmaðurinn Sigurður Baldursson staðfesti framangreinda matsgjörð og kvaðst hafa skoðað sjálfur og sannreynt það, sem þar greinir, nema um akstur 50.000 km umfram það, sem mælir sýni.

Ludvig Hraundal skýrði svo frá, að hann og eiginkona sín, Þórunn M. Ingimarsdóttir, hefðu keypt umrædda bifreið af Jöfri hf. Við kaupin hefði komið í ljós bilun í drifi, sem Jöfur hf. (Bíljöfur) hefði gert við; flest í mismunadrifi hefði verið endurnýjað. Ludvig er starfsmaður Jöfurs hf. og starfaði á þeim tíma, sem hér um ræðir, hjá Bílvali hf., sem var að mestu í eigu Jöfurs hf., og annaðist sölu notaðra bíla. Hann kvað bifreiðina fljótlega hafa verið setta aftur út á plan til sölu hjá Bílvali hf. Hann gaf þá skýringu á yfirlýsingu, dskj. nr. 7, að hún hefði verið gefin að beiðni föður stefnanda, vegna þess að drifið hefði farið aftur og grunsemdir væru um breytta kílómetratölu. Hafi sér skilist, að um væri að ræða hlut, sem settur hefði verið nýr við framangreinda viðgerð, en eftir hana hefði „legusöngur“ horfið og bifreiðin verið í góðu lagi. Hann kvað sér hafa skilist, að bifreiðar þessar væru ekki sterkari en svo, að þær þyldu ekki, að „þeim væri spólað“.

Þórunn M. Ingimarsdóttir kvaðst hafa undirritað yfirlýsingu, dskj. nr. 7, í trausti upplýsinga frá Ludvig, eiginmanni sínum. Hún kvaðst hafa vitað, að bifreiðinni hefði verið ekið mikið og alltaf verið að bíla. Hún kvaðst aldrei hafa litið á kílómetramælinn eða ekið bifreiðinni.

Vitnið Ásgeir Sigurðsson, starfsmaður Jöfurs hf., starfaði hjá Bílvali hf. á þeim tíma, sem hér um ræðir. Hann kvað umræddri bifreið hafa verið ekið 126.000 km, þegar Jöfur hf. keypti hana. Hún hefði verið sett á verkstæði vegna bilunar í drifi. Hann hefði síðan séð hana úti á plani um það leyti, sem hún var seld, og litið á kílómetramælinn, en staðfesti ekki, að það hefði verið 27. ágúst 1992. Hann kvaðst ekki hafa gengið frá söluinni til stefnda.

6. Það er álit dómsins, að bilun sú í drifkerfi, sem um ræðir í máli þessu,

hafi verið háð tilviljun fremur en miklum akstri og að hún verði ekki rakin til leynds galla, sem stefndi beri ábyrgð á. Í því efni er athygli vakin á því, að bilun varð í hlut, sem Ludvig Hraundal hafði látið gera við og endurnýja nokkru fyrr, en um þá viðgerð var stefnda ekki kunnugt. Þá skal fram tekið, að ekki er upplýst um akstur bifreiðarinnar, eftir að hún komst í eigu stefnanda, og stöðu ökumælis er ekki getið í matsgjörð.

Um stöðu ökumælis nýtur óyggjandi gagna einungis við sölu stefnda á bifreiðinni til stefnanda. Vegna tengsla Ludvigs Hraundal við málsefni verður vætti hans og vottorð ekki lagt til grundvallar að þessu leyti. Með vísan til framburðar Þórunnar M. Ingimarsdóttur fyrir dómi er fram lögð yfirlýsing hennar án þýðingar fyrir úrslit málsins. Um hlut Ásgeirs Sigurðssonar við sönnunarfærsluna er vísað til þess, að hann staðfesti ekki, að sér hefði verið kunnugt um stöðu ökumælis við sölu bifreiðar 27. ágúst 1992, þrátt fyrir skriflega vottun hans þess efnis. Að lokum ber á það að líta, að söluverð stefnda var ekki óeðlilega hátt borið saman við það, sem hann hafði goldið fyrir bifreiðina. Samkvæmt þessu telst ósannað, að ökumæli bifreiðarinnar MC-419 hafi verið breytt eða að slíkt hafi orðið, meðan bifreiðin laut eignarráðum stefnda.

Niðurstaða málsins er samkvæmt framangreindu sú, að stefndi er sýknaður af kröfum stefnanda. Þá ber að dæma stefnanda til að greiða stefnda málskostnað, sem ákveðst 125.000 krónur að virðisaukaskatti með töldum.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Helgi Kr. Pálsson, er sýknaður af kröfum stefnanda, Anglu Ragnarsdóttur.

Stefnandi greiði stefnda málskostnað, 125.000 krónur.